

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Menntaskólans á Akureyri er unnin samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjarasamningum á hverjum tíma.

1 MARKMIÐ STARFSMANNASTEFNUNNAR: VIRÐING, VÍÐSÝNI, ÁRANGUR

Markmið með starfsmannastefnu Menntaskólans á Akureyri er að skólinn hafi á að skipa vel menntuðu, áhugasömu og hæfu starfsfólki sem hefur velferð nemenda og skólans að leiðarljósi. Stefnunni er ætlað að stuðla að góðum starfsanda og starfsskilyrðum þar sem virðing og jafnrétti einkennir öll samskipti. Starfsmannastefnan felur í sér sameiginlega sýn starfsfólks á þá þætti sem gera skólann að eftirsóknarverðum vinnustað.

2 LEIÐARLJÓS STARFSMANNASTEFNUNNAR ERU:

- Einkunnarorð skólans, virðing, víðsýni og árangur
- Samvinna og sveigjanleiki
- Vellíðan á vinnustað
- Viðleitni til að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf
- Starfsmenn njóta hæfileika sinna og menntunar
- Skólinn er lærdómsvinnustaður

3 STARFSMANNASTEFNA OG AÐGERÐAÁÆTLUN

3.1 RÁÐNINGAR

Við Menntaskólann á Akureyri er lögð áhersla á að ráða ávallt hæft starfsfólk til starfa. Til að tryggja það er horft til menntunar og reynslu þess sem ráðinn er. Við Menntaskólann á Akureyri er sóst eftir starfsfólki sem hefur til að bera góða samskiptahæfni, sköpunargleði og áhuga á að vinna með ungu fólki. Við ráðningu er þess gætt að byggja á málefnalegum forsendum og rökstuðningi sem kynni að verða leitað eftir. Meginregla er að auglýsa öll laus störf, einnig verkefnastjórstöður og nefndarstörf innanhúss.

Við úrvinnslu umsókna eru tekin viðtöl við þá sem helst koma til greina og meðmæla leitað. Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann sbr. 30. grein laga nr. 94 frá 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Öllum umsækjendum er tilkynnt um niðurstöðu að henni fenginni. Starfsmaður skal hafa tækifæri til þess að kynna sér starfsmannahandbók skólans áður en hann undirritar ráðningarsamning. Stjórnendur skulu upplýsa nýja starfsmenn um skólustefnu svo og réttindi þeirra og skyldur.

Starfsmannastefna

3.2 MÓTTAKA NÝRRA STARFSMANNA

Menntaskólinn á Akureyri tekur vel á móti nýju starfsfólki og veitir því fræðslu um helstu þætti í starfi skólans. Mikilvægt er að tryggja starfsfólki allar nauðsynlegar upplýsingar og kynningu á vinnustað. Starfslýsing skal ávallt liggja fyrir þegar ráðið er í nýtt starf. Móttaka starfsmanna er á ábyrgð skólameistara.

3.3 ÞRÓUN Í STARFI/SÍMENNTUN

Í Menntaskólanum á Akureyri er starfsfólki gert kleift að efla þekkingu sína og hæfni í samræmi við síbreytilegar kröfur á vinnustaðnum. Menntaskólinn á Akureyri býr starfsfólki sínu skilyrði til að þróast í starfi og hafa áhrif á starfsumhverfi sitt. MA veitir öllu starfsfólki tækifæri til að viðhalda færni sinni og auka menntun sína með símenntun. Starfsfólk skal leitast við að laga sig að síbreytilegum kröfum sem starfið gerir til þess sem eru til dæmis tilkomnar vegna tækninýjunga og faglegrar þróunar. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á starfsþróun sinni í samráði við stjórnendur og fagstjóra.

3.4 STARFSMANNASAMTÖL

Mikilvægt er að starfsfólk fái notið hæfileika sinna í starfi og sé meðvitað um fagvitund sína. Starfsmaður á rétt á starfsmannasamtali þegar hann óskar, að minnsta kosti annað hvert ár.

3.5 TILFÆRSLUR Í STARFI

Þegar breytingar verða á störfum með auknum kröfum, ný störf verða til og önnur lögð niður, vill MA skapa möguleika á samfelldum starfsferli með því að hvetja starfsmenn til að afla sér viðbótarmenntunar og hæfni til að takast á við ný verkefni.

3.6 STARFSLOK/SVEIGJANLEIKI

Við ákvörðun um starfslok skal fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru hverju sinni. Komi til uppsagnar starfsfólks skal framkvæmdin vera samkvæmt reglugerð, vera vel rökstudd og studd faglegu mati. Við starfslok vegna aldurs leitast skólinn við að finna farsælar lausnir í samráði við viðkomandi starfsmann, báðum aðilum til hagsbóta.

Starfsmannastefna

4 SKÓLINN SEM VINNUSTAÐUR

4.1 VINNUVERND

Skólinn leggur áherslu á að ætíð sé fylgt þeim reglum sem gilda um málefni er tengjast vinnuumhverfi. Öryggistrúnaðarmaður skal kjörinn og öryggisvörður tilnefndur og tryggt að starfsfólk þekki reglur um störf þeirra.

4.2 ÖRYGGISMÁL

Viðbragðs- og rýmingaráætlun á að vera öllum kunn í skólanum og skal kynna hana starfsfólki og nemendum reglulega. Skólinn skal hafa brunaeftingar a.m.k. einu sinni á ári. Námskeið í skyndihjálpi fyrir starfsfólk ætti að halda annað hvert ár.

4.3 FJÖLSKYLDAN

Starfsfólki er gert mögulegt að samræma fjölskyldulíf og vinnu, meðal annars með sveigjanlegum vinnutíma. Öllu starfsfólki er gert kleift að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum í nánustu fjölskyldu. Ekki er lítið á það sem mismunur þó tekið sé tillit til kvenna vegna þungunar, barnsburðar og brjóstgjafar. Á sama hátt sýnir starfsmaður sveigjanleika ef aðstæður á vinnustað kalla á tilfærslur/breytingar. Ætíð þarf slíkur sveigjanleiki að rúmast innan kjarasamninga. Sjá aðgerðaáætlun í jafnréttisstefnu MA.

4.4 LÝÐRÆÐI OG SAMFÉLAG

Skólinn ræktar samstöðu og virðingu skólasamfélagsins og þjóðlífs af ýmsu tilefni. Menning og hefðir samfélagsins og skólans eru tengdar starfi skólans svo sem auðið er og er starfsfólk hvatt til þátttöku þegar um lýðræðislega og menningartengda viðburði er að ræða innan og utan skólans. Skólinn leggur sitt af mörkum til að gera starfsfólk kleift að sækja slíka viðburði.

4.5 HEILSUEFLANDI VINNUSTAÐUR

Í Menntaskólanum á Akureyri er áhersla lögð á vellíðan á vinnustaðnum og starfsfólk er hvatt til að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl og vistvænan ferðamáta. Í mótuneyti starfsmanna á að bjóða upp á hollan og góðan mat. Kanna skal viðhorf starfsmanna til mótuneytis á 2-3 ára fresti.

Starfsmannastefna

5 STJÓRNENDUR

5.1 STJÓRNUNARHÆTTIR

Stjórnunarhættir í Menntaskólanum á Akureyri eiga að vera **opnir, samstarfsmiðaðir, lýðræðislegir og sanngjarnir** þar sem unnið er að hugmyndafræði og markmiðum í samráði við starfsfólk. Stjórnendur skólans bera ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott og boðleiðir skýrar. Þeir komast að niðurstöðu um álitamál með lýðræðislegum hætti og bera ábyrgð á að ágreiningsmál fari í réttan farveg. Stjórnendur bera ábyrgð á að langtíamarkmiðum skólans sé náð.